



Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
b.t. Guðna Geirs Einarssonar
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Hafnarfirði, 21.05.2019
1806170 RE

Efni: Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs, umsókn um styrk.

Hér með er ítrekuð fyrri umsókn um styrk úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs vegna dagþjónustu fyrir fatlaða nemendur á grunn- og framhaldsskólaaldri. Um er að ræða Vinaskjól og Klettinn sem staðsett eru að Suðurgötu 14. Vinaskjól fellur undir d lið 2.gr. reglugerðar nr. 460/2018. Vinaskjól er dagþjónusta fyrir fatlaða framhaldsskólanemendur með miklar stuðningsþarfir sem eru á starfsbrautum framhaldsskólanna. Vinaskjól tekur á móti ungmennum að skóladegi loknum og er opinn allan daginn í skólafríum og á sumrin. Þessi ungmenni fóru á árum áður (á tímum svæðisskrifstofanna) á hæfingarstöðvarnar en þar sem undanfarin ár hafa ekki verið laus rými á hæfingarstöðvum var farið í að útbúa dagþjónustu fyrir þennan aldur.

Kletturinn er dagþjónusta fyrir fatlaða grunnskólanemendur á mið- og efsta stigi grunnskólanna. Kletturinn tekur á móti börnum að skóladegi loknum og er opinn allan daginn í skólafríum og á sumrin.

Umsókn um styrk til Klettsins er byggð á e. Lið 2.gr. reglugerðar nr. 469/2018. Kletturinn flutti að Suðurgötu 14 og er þörf á breytingum og framkvæmdum á húsinu eins og í Vinaskjóli. Skv. 16.gr. laga nr. 38/2018 um fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir er frístundaþjónusta orðin lögbundin þjónusta sem sveitarfélögum er skylt að veita. Á grundvelli þess og að sveitarfélagið er að ráðast í kostnaðarsamar breytingar sem fellur að hlutverki Fasteignasjóðs er sótt um styrk til framkvæmdanna.

Í fylgiskjali er kostnaðarútreikningur vegna framkvæmda á Suðurgötu 14.

Í von um jákvæða afgreiðslu.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarsoðttir,
Sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu